

Kópavogi, 1. nóvember 2016  
Tilv.: 2016-1982

## ***Fréttatilkynning***

### **Efni: Stofnun ungmennaráðs Menntamálastofnunar**

Stofnað hefur verið ungmennaráð Menntamálastofnunar. Í ráðinu sitja fulltrúar eftirtalinna samstarfsaðila: Barnaheilla, SAFT, Samfés, Unicef, umboðsmanns barna, UMFÍ og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þessir aðilar sendu fulltrúa sinna ungmennaráða á samráðsfund með stofnuninni sem haldinn var 29. apríl sl. Var fundurinn afar vel heppnaður og í framhaldi var leitað eftir áframhaldandi samstarfi að stofnun ungmennaráðs Menntamálastofnunar. Þeirri málaleitan var vel tekið og með þessu móti nýtur stofnunin góðs af reynslu og þekkingu þeirra ungmenna sem nú þegar starfa í ungmennaráðum á ólíkum vettvangi.

Hlutverk ungmennaráðs Menntamálastofnunar er að vera ráðgefandi fyrir stofnunina um málefni og verkefni sem snúa að börnum og ungmennum. Menntamálastofnun vill að ungmenni séu þátttakendur í ákvarðanatöku innan stofnunarinnar og stofnun ungmennaráðsins er mikilvægur þáttur í þeirri ákvörðun. Vert er að minna á að í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um rétt barna til að láta í ljós skoðanir sínar. Mikilvægt sé að aðildarríki tryggi börnum rétt og aðstæður til að koma skoðunum sínum á framfæri og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Nánari upplýsingar um ungmennaráðið má finna á [heimasíðu](#) Menntamálastofnunar.